

Háskóli Íslands, heimspeki- og sagnfræðideild.

Námskeið haust 2014: Bankahrúnið.

Kennari: Guðni Thorlacius Jóhannesson.

Hvað hermdi þjóðarspegillinn um Íslendingseðlið í hruninu?

Nemandi: Arnar Sverrisson (290451-4859).

Dagsetning: 19. nov. 2014

Inngangur og sjónarhorn

Hrunið eða kreppan reið yfir íslenska þjóð á haustmánuðum 2008 eins og kunnugt er. Hún var í sjálfri sér bergmál alþjóðlegar fjármálakreppu, sem virðist hafa átt upptök sín í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Þegar þetta gerðist hafði ég verið langdvölum bæði í Noregi og Danmörku. Á þessu tímabili kom ég oft í heimsókn til Íslands. Ég undraðist alla byggingarkranana, sem snérust dag og nótt. Og öll smáþorpin, sem risu á gömlum útreiðarslóðum og berjagrundum á höfuðborgarsvæðinu! Ég þóttist hafa séð svipuð teikn áður. Í lok sjöunda áratugar síðustu aldar var ég nefnilega handlangari í byggingariðnaðinum. Þá skall á gríðarleg kreppa. Byggingakranarnir hættu að snúast og urga. Hrunið heilsaði í þann mund, að misgengiskynslóðin frá upphafi níunda áratugar síðustu aldar var ofurlítið að rétta úr kútnum.

Undrun mína viðraði ég við ættingja og vini m.a. frænku, sem nýlokið hafði námi í viðskiptafræðum. Ég innti hana eftir því, hvað hún hefði lært um misgengið mikla fyrir rétt um aldarfjórðungi síðan. Hún horfði á mig eins og naut á nývirki og hváði: „Ha, hvaða misgengi“? Ég tók margt fólk tali. En svörin voru flest á sömu lund. „Hvað er þetta maður, hér er bullandi uppgangur.“ Það var lagt hart að mér að flytjast til Íslands og taka þátt í ævintýrinu. Nú væri meira að segja unnt að skreppa í bankann og taka lán fyrir heilli íbúð; verðtryggt eða í útlendri mynt. Það var greinilega komið annað hljóð í strokk bankanna frá því sem áður var, þegar menn þurftu að sýna flokksskírteini og/eða falla á hné til að fá að láni rándýra peninga. Það kom nefnilega á daginn, að þeir voru brauðfótabankar. Þegar ég gerðist svo djarfur að spyrja, hvaðan allir þessir peningar kæmu, í hverju verðmætaaukning í íslensku atvinnulífi væri fólgin, var fátt um svör. Menn ypptu öxlun og horfðu á mig meðaumkunaraugum. Fjölskyldan gaf mér viðurnefnið „svartagallsrausarinn.“

Undrabörnin í íslensku atvinnulífi voru stöðugt í fréttum innan landssteina og utan. Danska miðla rak í rogastans ekki síður en mig. Finna mátti skjálftann, þegar einkaþotur íslensku undrabarnanna léttu í Lundúnum og Reykjavík. Það var hér um bil, að fólk heyrdist hvísla: „Hvað skyldu þeir kaupa núna“? Kaupin á dönskum flugfélögum virtust með hreinum endemum. Ég var raunar einn strandaglópa þeirra. Fjölmíðlaumfjöllunin einkenndist af hrolli og hálfkæringi. Dani fýsti að kynnast nánar undrabörnunum íslensku. Hinn nýi yfirstjórnandi Sterling var myndaður úti á túni, þar sem hann sat í indverskri tilbeiðslustellingu og víðum, litríkum kirtli. Í viðtalinu tjáði hann sig um stjórnunarspeki sína. Hugur hans ljómaði. Skömmu síðar var hann settur af. En flugfélagið hækkaði óskaplega í verði, svo engum þótti fýsilegt að kaupa það, nema íslenskum undrabörnum í viðskiptum. „De islandske vikinge slår til igen.“ Mér til mikillar furðu fylgdi kraftaverkaforstjórinn ekki með í kaupunum, en trúlega hefur hann verið jafnvirði þyngdar sinna í gulli eða eins og hálfis meðalstórs flugfélags.

Danskir kaupsýslumenn, sem kváðu við og skelltu sér á lær yfir þessum hamförum Íslendinga í viðskiptalífi Danmerkur, fengu svipaða einkunn og ég hafði fengið í fjölskyldunni. Þeir væru raunar óttalegir bölmóðsþjöllusauðir með lepp fyrir auga. Því væri þeim fyrirmunað að sjá og skilja viðskiptasnilld Íslendinga, sem nú voru kallaðir íslensku víkingarnir eða útrásarvíkingarnir.

Og ég undraðist enn! Hverjum datt í hug að lána íslenskum útrásarvíkingum. Íslenskir lífeyrissjóðir? Það mátti skilja af einu undrabarninu, sem birtist velkemt í norska ríkissjónvarpinu, skömmu eftir að ein hreyfing íslenskra viðskiptajöfra hafði lagt undir sig mikilvægan banka í norsku atvinnulífi. Var það virkilega svo, að stjórnendur lífeyrissjóða okkar fjármögnuðu hina svonefndu íslensku útrás. Það virðist hafa átt við rök að styðjast að

hluta til. En hvað með þýska og breska og bandaríska banka? Hvar var minn eigin skilningur glapinn?

Íslenskir neytendur tóku lán sem aldrei fyrr. Neyslan virtist nánast takmarkalaus. Útlendu bjöllusauðirnir ráku af sér slyðruorðið og tóku að fjárfesta í íslenskum skuldabréfum, sem hvort tveggja báru háa vexti og voru verðtryggð. Á sama tíma tók ég húsnæðislán í Danmörku, sem bar vexti sem námu tæpum einum af hundraði. „Something is wrong in the state of Denmark,“ hugsaði ég með Shakespeare. Eða var eitthvað verulega bogið við íslenskt samfélag? Meðan á þessum vangaveltum stóð reis íslensk króna eins og viti upp úr hafi gjaldmiðlanna. Evra og Bandaríkjadalur áttu í vök að verjast. Það var með naumindum, að norskri seðlabankinn næði að verja norsku krónuna hrapi. En, en! Íslenska örmyntin lýsti villuráfandi fjármálaheimi leið. Íslenskur almenningur klappaði undrabörnunum sínum lof í lofa. Nú hafði sannast, að í víkingaæðlinu bjó ekki aðeins máttur til orðanna heldur auranna. Eilíf auðsæld virtist framundan. Forseti Lýðveldisins var forsöngvari í alþýðukórnum (enda kominn af alþýðufólki). Og svo söng hann einsöng um víkingana undir stefinu: „You havn't seen anything yet.“ Það virtist enginn vafi á því á Bessastöðum og víðar, að Ísland væri stórasta land í heimi. (Hvað sem um þjóðina má segja!)

Í þessari ritgerð leyfi ég mér að undrast áfram. Þær hamfarir, sem um er að ræða, upphófust vissulega sem bankakreppa – ein af mörgum í veraldarsögunni. Hún á sér í senn býsna langan aðdraganda og annan skemmri. En bankar eru mannaðir fólki, þeim er stjórnað af fólki, eigendur þeirra eru vitanlega fólk. Hagkerfi og meira að segja hagfræðingar eru fólk. Innréttingar mannlífsins eru háðir því, hvernig fólk hugsar og breytir. Það er fjarri því, að um náttúrulögmál að ræða. Ég tek heilshugar undir orð Páls Skúlasonar, heimspekings: „Í þjóðfélaginu gerist ekkert af sjálfu sér, eins og sumir virðast trúa, heldur af því sem borgarnir ákveða sjálfir að gera.“ (1)

Umgetnar hamfarir voru skapaðar af fólki. Hvernig má skilja tilurð þessara hamfara? Ég beini sérstaklega sjónum að þeim þáttum, sem ýmsir höfundar hafa skýrt sem hugarfar, ímynd, þjóðarímynd, græðgi, val, hugsunarleysi, þjóðarsál, gildi, vitundarskortur, vald og þar fram eftir götunum. Brennidepill verður því fremur á hinar andlegu hliðar eða innri og eilítið hjúpuðu fyrirbæri í lífi manna og „haghegðun,“ fremur en þau ytri, þ.e. Umræða um nokkur lykilhugtakanna fylgir, en skyggnumst fyrst örstutt aftur í söguna.

Andlegi arfurinn í kreppufartekinu.

Ferðalöngum og ferðasöguriturum, sem heimsóttu og/eða skrifuðu um Íslendinga á miðöldum, var tíðrætt um fastheldni þeirra og dýrkun á hetjum sögualdar. Aukin heldur voru þeir hugfangnir af ýmis konar ósiðum og óhrelnæti. (2) Ýmsum mönnum lærðum þótti kasta tólfunum og tóku til andmæla á riti. Crymogæa Arngríms hins lærða er trúlega þekktast þessara rita. Reynsla og skoðun útlendinga varð eins konar spéspegill Íslendingum um þjóðarímynd sína, þ.e. hvaða augum þeir litu á sig sem þjóð. (Og þá skal ósagt látið, hvort Íslendingar á miðöldum töldu sig vera þjóð í skilningi nútímans.) Því má vænta, að andmæli Arngríms og fleiri sé góð vísbending um sjálfsskilning þjóðarinnar, enda þótt þar sé trúlega fremur lýst hugsunum kristinna menntamanna hennar. Arngrímur miðlaði ýmsum fróðleiki um land og þjóð. En hann var sóttur í Íslendingasögurnar. Íslendingar miðalda drógu dóm af hinum fornu hetjum.

(1) Páll Skúlason. Lífsgildi þjóðar, bls. 44. – (2) Sjá t.d. Sumarliði Ísleifsson. Ísland: framandi land.

Gísli Jónsson hefur tekið saman fjórtíu og níu lýsingar kappi og kvenskörungum. Skoðum nokkrar svipmyndir.

Um stórmennið, Guðrúnu Ósvífursdóttur, segir Gísli: “Hún var kvenna vænst bæði að ásýnd og vitsmunum. Hún var svo kurteis að í þann tíma þótti allt barnaglingur sem aðrar konur höfðu í skarti hjá henni. Hún var allra kvenna kænst og best orði farin. Hún var örlynd kona og grimmynd. Hún var mikið keppikefli karla.”

Ástmey Leifs heppna, Þórgunnu hinni suðureysku, er svo lýst: “Hún var ættstór og fjölkunnug, en eftir Eyrbyggju ekki tiltakanlega fríð: “Þórgunna var mikil kona vexti, bæði digur og há og holdug mjög; svartbrún og mjóeyg, jörp á hár og hærð mjög.” Hún var kristin. Hún var hin ernasta kona fram eftir aldri og lagði jafnvel hug á unga sveina, þá sem bráðþroska voru.” (3)

Ofurhetjan, Gunnar á Hlíðarenda :

var mikill og sterkur, manna best vígur. Hann hjó báðum höndum og skaut, og vó svo skjótt með sverði að þrjú þóttu á lofti að sjá. Varð það óvinum hans heldur skætt stundum. Hann var bogaskytta afbær og hæfði allt er hann skaut til. Hann hljóp meira en hæð sína með öllum herklæðum og ekki skemmra afturábak en áfram. Hann var syndur sem selur og átti ekki jafningja. Gunnar var fallegur maður, ljóshærður, bláeygur og snareygur og rjóður í kinnum. Hann var manna kurteisastur, vinfastur og vinavandur, vel auðgur að fé. (4)

Um Ísleif Gissurarson, biskup, sagði lærisveinn hans, Jón Ögmundarson biskup: “Ísleifur biskup, meistari minn, var allra manna vænstur, manna snjallastur og best að sér um alla hluti.” “Hans skal ég í hvert sinn að góðu geta, þá er ég heyrri góðs manns getið.” (5)

Þegar Arnljótur Ólafsson skrifar árið 1875 um skólasögu Íslendinga segir hann um þjóðveldisskeiðið í sögu þjóðarinnar: „Það er hin fræga söguöld vor, saga hreysti og drengskapar, frelsis og framfara, saga friðar og hagsælda, saga lögvísinnar, skáldskaparins, sagnafræðinnar og annarra menta. Þá hófust og þá stóðu í blóma fræðiskólarnir í Haukadal, í Odda og á Þingeyrum, í Skálaholti og á Hólum.“ (6)

Það er greinilega ekki leiðum að líkjast og eftirsjá að öfundsverðum tíma. Hér voru komnar fyrirmyndir og keppikefli lúsugra Íslendinga á miðöldum. Því hlýtur það að hafa hljómað blíðlega í eyrum mörlandans, þegar hingað fóru að streyma ýmsir menntamenn meginlands Evrópu og Stóra-Bretlands með glýju í augum og fagurgala Íslendingasagnanna á hraðbergi – margir hverjir eldheitir „þjóðsmíðarsinnar.“ Íslendingar voru vegsamaðir og hafnir upp til skýjanna. (7) Steininn tók þó úr, þegar Íslenskir sagnafræðingar og skólamenn tóku að skrifa ævintýralega sagnafræði um uppruna þjóðarinnar. Landnámsmenn voru upp til hópa afreksmenn í samræmi við lýsingarnar hér að ofan; hver öðrum fegurri, snjallari og hæfileikaleikaríkari; mannvitsbrekkur.

Viðhorf íslenskra „þjóðarsmiða“ og hinna erlendu bergmáluðu í skrifum lærdómsmann, sem einnig voru að velta fyrir sér þjóðareinkennum og þjóðareðli. Með rökum vísinda – einkum

(3)Gísli Jónsson. Kappar og kvenskörungur, bls. 126. – (4)Sama rit, bls. 58. – (5)Sama rit, bls. 93. – (6)Arnljótur Ólafsson. Um skóla ..., bls. 66. – (7) Sjá: Sumarliði Ísleifsson. Ísland ...

erfðafræði og þjóðfræði, var tekið undir þann skilning, sem Arngrímur lærði hafði reynt að miðla. Það virtist varla neinum vafa undiropið, að Íslendingar væru afburðapjóð, jafnvel úrval annarra afburðapjóða. Geta þjóðarinnar var í sjálfu sér ótakmörkuð. Það þurfti bara að drepa hana úr dróma fátæktar og óvildar útlendinga, sem lá illt orð til þjóðarinnar.

Meðan á sjálfstæðisbaráttunni stóð var óspart kynnt undir ofurmennahugsunarhætti Íslendinga; þeir voru ekki einasta sterkastir, fallegastir og gáfaðastir, heldur hefðu þeir skrifað Íslendingasögurnar, og þar með lagt hornsteininn af þjóðarskilningi sjálfs sín og annarra Norðurlandapjóða – unnið einstakt menningarafrek. Þegar seinna heimsstríð brast á, góðu heilli fyrir efnahag þjóðarinnar, var þjóðin full sjálfstrausts. Yfirgnæfandi meirihluti hennar kaus sjálfstæði frá Danmörku. Í anda upplýsingaraldarspekinga lágu eilífar framfarir í loftinu. Þjóðinni skyldi hrundið úr fátækt og ánaud hinna vondu útlendinga, sem einatt voru Danir, stundum Bretar. Níðskrifin útlendinga af mörgu þjóðerni skyldu nú upprætt í verki sameinaðrar þjóðar hinna íslensku ofurmenna úr íslensku goðsagnafræðinni.

Sá góði sálfræðingur og fræðimaður, Ágúst Bjarnason, aðhylltist svonefnda góðkynjunarstefnu (eugenics). Hann lýsti stefnunni og framtíðarhorfum þjóðar sinnar á lýsandi hátt í verki sínu um siðfræði frá árinu 1926 (bls. 227): (8)

„Markmið góðkynjunarstefnunnar er sífeld þróun upp á við og fram á við, síbatnandi menn, síbatnandi þjóðstofn. ... Hún vinnur að því að gera þjóðstofninn svo úr garði, að af honum geti ekki kviknað annað en einvalalið að síðustu.

Sú þjóð, sem fyrst nær þessu markmiði, á það nokkurn veginn víst, ef hún verður þá ekki fyrir einhverju ófyrirséðu óláni af völdum náttúrunnar eða af hálfu annara þjóða, sem hún fær ekki rönd við reist, að verða hin útvalda meðal þjóðanna.

Annar merkur sálfræðingur og menningarfrömuður, Guðmundur Finnbogason, birti grein í Skírni árið 1925, þar sem hann útlistar eðlisfar Íslendinga, innblásinn af erlendu verki um þróun kynstofnanna, eftir Elsworth Huntington.

[Huntington] bendir fyrst á það, að norræni kynstofninn var úrvals fólk, og telur til þess þær ástæður, að Norðurlönd losnuðu tiltölulega seint undan fargi ísaldarinnar, voru fjarri þeim stöðum, er nýir innflytjendur gætu komið frá, en á löngum þjóðflutningum lifir að eins það fólk af, er mestur dugur er í. Og þarna voru eigi neinir frumbyggjar á lágu stigi fyrir, er blandast gætu við úrvalsfólkið, sem kom að, og spilt þar með kyninu. Á víkingaöldinni var það úrval úrvalspjóðanna, er fór í víking. ... Fyrst meðfætt eðli þessara þjóða, forvitni þeirra, hugprýði, framtak, líkamsþróttur og sjálfstæði, en ekki virðist engin ástæða til að ætla, að þeir eiginleikar hafi verið á hærra stigi á 9. öld heldur en t.d. á 7. öld. (9)

Og Guðmundur bætir við frá eigin brjósti:

Íslenzku landnámsmennirnir voru hinir mestu úrvalsmenn. Fyrst er það, að Norðmenn virðist yfirleitt eitt hið bezt gefna kyn veraldar. Í öðru lagi voru höfðingjarnir höfðingjar vegna þess að forfeður þeirra höfðu reynst óvenjulega hraustir í hernaði, skipulægnir og fastir í sessi, og sjálfir höfðu þeir haldið stöðu sinni að miklu leyti sakir

(8)Unnur B. Karlsdóttir, Mannkynbætur ..., bls. 61. – (9)Guðmundur Finnbogason. Eðlisfar Íslendinga, bls. 152.

meðfæddra yfirburða. Í þriðja lagi er það, að úr flokki þessara úrvalsmanna óvenjulega vel gefins kyns völdust fyrst og fremst þeir, er unnu frelsinu meir en konungshylli, og í öðru lagi þeir, er fýsti að freista gæfunnar í nýju og erfiðu landi heldur en lifa á hernaði og ránum. Það voru því hinir beztu hinna beztu, er bygðu Ísland, og þeir sköðuðu þar, svo sem Bryce kemst að orði, „þjóðfélag, sem er nálega einsdæmi og blómgaðist að menningu skapandi afli, án þess að efnalegar aðstæður væru að neinu leyti hagkvæmar, og raunar í þrá við örgustu kjör.“(10)157

Slíku úrvalsfólki eru lagðar þungar skyldur á herðar af forsjóninni. Guðmundur skrifar um þetta í Dagblað 4. ágúst 1915 (bls. 1-2):

Hér getur sá sem fæddur er af fátækustu foreldrum í versta hreysinu orðið fremsti maður þjóðar sinnar á hvaða sviði sem er, ef hann hefir hæfileika og manndáð til, því að jafnt ríkið sem góðir menn greiða götu efnilegra manna.“ ...

„... skyldar meðvitundin um hinar góðu gáfur, sem í þjóðinni búa, oss til þess að gera það sem í voru valdi stendur til þess að allir góðir hæfileikar fái að þroskast og njóta sín. Hér ætti að vera og gæti orðið valinn maður í hverju rúmi. (11)

Sálfræðingunum barst liðstyrkur frá einum merkasta lækni íslenskum á fyrri hluta tuttugustu aldar. Með orðum Unnar Birnu Kristjánsdóttur: „Blá augu og hár vöxtur væri vísbending um [óspillta eiginleika norræna kynstofnsins]. Guðmundur lýsti norrænum mönnum á þá leið að þeir væru háir, grannvaxnir, miklir og sterkir. Þeir væru bláeygir, hvítir á hörund með hátt enni, reglulegt andlitsfall, langa og mjóa hausnúpu og breiðar herðar.“ (12)

Íslenska goðsögnin um hið íslenska úrvalskyn, sem senn risi úr öskustónni og yrði leiðarljós heimsins, hafði nú fengið vísindalegan stuðning íslenskra vísindamanna, kunngerðan bæði í almennum fjölmiðlum og í vísindaútgáfum og kallaðist á við skólabókarlærdóm og mál manna. Sjálfsmynd þjóðarinnar var sem sé tiltölulega mótuð, þegar hið örlagaríka seinna heimsstríð brast á árið 1939 í kjölfar þeirrar kreppu, sem af ýmsum er talin sú versta, sem riðið hefur yfir hinn vestræna mann. Í annan sess skipar sér kreppa sú, sem hér er fjallað um.

Hegðunarkvar og hegðunarmynstur

Það er enn óleyst ráðgáta, hvernig hegðun fárra leysir úr læðingi mannsálarinnar hóphegðun eða hjarðhegðun, en um það eru mýmörg dæmi úr sögu mannlífsins. Reynar var í minni sveit haft á orði, að migi ein kýr í fjósi yrði hinum brátt mál. Á sér stað einhvers konar smithegðun? Svo ótrúlega sem það kann að hljóma, á þetta að sumu leyti við um fólk. Það hefur t.d. margsinnis verið á það bent í opinberri umræðu um sjálfsvíg. Smitandi ofbeldi í garð annarra hefur einnig oft og tíðum borið á góma í fjölmiðlum.

Stundum hefur mig á langri lífsleið rekið í rogastans við að sjá fólk hegða sér eins og einfaldar skepnur. Til dæmis er engu líkara, þegar opnaðar eru dyr í lest eða rútu, að farþegar ryðjist eins og rollur væru í rétt, ýmist til að komast inn eða út – og komast þá vitanlega hvergi. Hvar gæti hin rómaða skynsemi mannsins verið í slíkum tilvikum? Leysa einföldustu áreiti úr læðingi hópsefjun, múgsefjun. Lýsir slík hegðun eðli?

(10)Guðmundur Finnbogason. Eðlisfar Íslendinga, bls. 157. – (11) Unnur B. Karlsdóttir, Mannkynbætur ..., bls. 46-47. – (12)Sama rit, bls. 74.

Almenningur hlýðir yfirboðurum, foringjum, nánast umyrðalaust. Dæmi um slíkt æpa í heimssögunni. Og hvar er þá skynsemin, greindin, sjálfstæði í hugsun? Ætli í manninum búi djúp þörf fyrir fylgispekt við foringja og jafn djúprætt þörf fyrir öryggi í hópi, skara eða múgi? Væntanlega er óöryggið hin mesta ógn, sú tilfinning, sem ræður miklu um háttarni manna, hvernig þeir beita viti sínu og tryggja hagsmuni sína. Óskrifuð lög verða til, reglur, gildi, sem berast með móðurmjólkinni. Lög eru sett, lögregla til að hafa eftirlit með hegðun fólks. En atkvæðamesta lögreglan er þó almenningsálitið.

Almenningsálitið kallaði finnski heimspekingurinn, Georg Hendrik von Wright, þvingu, sem ógnaði sjálfstæði einstaklingsins, vegna “nauðsyn[jar] þess að laga sig að þvingu almenningsálitsins og reglum sem hann á sjálfur enga hlutdeild í að móta og skilur iðulega hvorki upp né niður í.” (13)

Engu að síður ber einstaklingur ábyrgð gagnvart samfélaginu. Verði misbrestur á, skal honum jafnvel hengt. Taumhaldið, sem oft kann að vera torsjónlegt, skal bætt. Í bók sinni, Frelsinu, segir breski heimspekingurinn, John Stuart Mill: „Fyrir slíkar athafnir má hegna honum að almenningsáliti eða lögum, ef samfélagið telur slíkar hegningar nauðsynlegar sér til verndar.“ (14) Stuðlar þessi ógn um hegningu, ofbeldi, að myndun þjóðarsálar, hópsálar eða múgsálar. Hópur eða þjóð skilgreinir sig í samskiptum við aðra slíka. Þjóðarsálin eða múgsálin er eins konar samkennd, þ.e. það sem við gerum og hugsum andstætt öðrum, við berum okkur saman við ykkur. Við eru önnur en hin. Þessi hugsunarháttur skýtur djúpum rótum í jarðvegi tilfinninganna. Fyrirnefndur von Wright lýsir fyrirbærinu, þjóðleg samkennd eða þjóðareðli svo:

Þjóðlega samkennd ... má skilgreina sem vitundina um að tilheyra samfélagi eða hópi fólks sem er tengt böndum gamallar menningarhefðar og sviptingasamrar sögu. Hún mótast og kemst til vitundar um sitt eigið eðli með samskiptum og víxlverkun við aðrar þjóðir sem leita sinna sérkenna og samkenndar. Hún styrkist, í jákvæðum eða neikvæðum skilningi, af minningu frækilegar afreka úr fortíðinni. (15)

Hið andlega lím þjóðarsálarinnar er óttinn um að verða brottrækur gerr, verða vargur í véum, og virðing við gildi þjóðarinnar eða gildismat. Fyrirgreindur Páll Skúlason telur gildi skipast í þrjú horn; efnahagsleg, stjórnmálaleg og andleg gildi. Að dómi Páls eru undirstöðugildin andlegs eðlis.

Það sem mestu skiptir í efnahagslífi og stjórnmálum er að sett séu markmið sem eru í samræmi við þau gildi sem við skynjum og finnum, sköpum og virðum í andlegu lífi okkar. Ef og þegar menn móta efnahagslífið og þvínæst stjórnmálin án þess að skeyta um lífsgildin sem í húfi eru í hinum andlega veruleika, þá taka menn stefnuna þangað sem síst skyldi. (16)

Ábyrgð, vitund og hlutverk

Gildismat samfélags eða tiltekins hóps liggur til grundvallar hlutverkum þeim, er hver og einn leikur. Gildismatið skapar væntingar um það, hvernig „handritið er skrifað“ og hlutverkið er leikið. Hlutverkið sníður mönnum stakk, sem stundum er svo þröngur, að erfiðleikum verður bundið að afklæðast honum. Þá er hætt við ósjálfstæði, ófrelsi, hlutverkahelsi. Páll minnir

(13)Georg von Wright. Framfaragoðsögnin, bls.106. – (14)John S. Mill. Frelsið, bls. 168. – (15)Georg von Wright. Framfaragoðsögnin, bls. 207. – (16)Páll Skúlason. Lífsgildi...,bls. 48-49.

okkur á: „Þannig bindum við sjálfsvitund okkar við hlutverkin sem við leikum eða okkur er ætlað að leika í félaglegum kerfum þjóðfélagsins.

Þannig bindum við sjálfsvitund okkar við hlutverkin sem við leikum eða okkur er ætlað að leika í félaglegum kerfum þjóðfélagsins. Þessi binding við félagslegt hlutverk má hins vegar aldrei verða of mikil vegna þess að þá missum við sjónar á því að sjálf erum við hvert fyrir sig einstakar sjálfsverur sem eru án nokkurrar varanlegrar festu í veruleikanum. Þegar við gleymum því að sjálf sál okkar er hrein andleg vera og bindum hana heljarböndum við eignir okkar, völd og hlutverk í þjóðfélaginu, þá missum við sjónar á því sem mestu skiptir og teljum okkar hafa miklu meiri tök á veruleikanum en við höfum. Við leggjum sál okkar í eignir, völd og virðingu, og þrá okkar eftir æ meiri eignum, meiri völdum og meiri virðingu verður óseðjandi. Óraunsæið verður algjört og ákvarðanir í samræmi við það. Þetta virðist því miður hafa hent áhrifafólk í ábyrgðarstöðum í þjóðfélagi okkar.“ (17)

Hefur þetta einungis hent svokallað „áhrifafólk“? Goðsögn, menning, þjóðarvitund er borin uppi af heilli þjóð. Goðsögnin er þjóðinni í blóð borin, sjálfsvitundin er angi þjóðarvitundarinnar og menningin birtist í hugsunarhætti og hátterni almennings. Það fer vart milli mála, að almennt skaraði fólk eld að eigin köku, margir af æðislegri græðgi. Það á einkum við um fólk í áhrifastöðum í skilningi Páls, en græðgin var býsna múgsefjunarkennd. Sé meginskýring hrunsins sú, að bankar og lántakendur þeirra hafi eytt um efni fram og því ekki getað borgað skuldir sínar, verður snúið að undanskilja þátttöku og ábyrgð almennings í hrunadansinum, þrátt fyrir undantekningar frá þeirri reglu. Græðgin elur á spillingu.

Jóhann Hauksson virðist taka í svipaðan streng:

Íslenskur almenningur og stjórnámálamenn fordæma spillingu í orði kveðju. Inngróinn klíkuskapur og „blóðskammartengsl“ í opinberu lífi og viðskiptum hamlar gegn því að gripið sé með kerfisbundnum hætti til ráðstafana gegn skaðlegum afleiðingum spillingar og klíkuskapar. Íslenska þjóðin ber sjálf ábyrgð á slíkum ósiðum og ómenningu. (18)

Ásdís Magnúsdóttir og Björn Þorsteinsson líkja hollustu Íslendinga við neyslugildin og græðgina sem meðvirkni og fylgispekt rétt eins og um átrúnað væri að ræða. Kliður bjöllusauðanna ómar í spektinni:

Í þessu samhengi er hollt að hugsa til þess að íslenska efnahagsbólán, eins og aðrar slíkar, þreifst á ákveðnu þegjandi samkomulagi sem kenna má við átrúnað og mátti fyrir enga muni rjúfa. Fylgispektin við þessa ásköpuðu meðvirkni var algjör, eins og sjá má á fjölmörgum dæmum úr opinberri umræðu á Íslandi í „góðærinu“ um þau harkalegu viðbrögð sem hvers kyns efasemdir um flekkleysi markaðshyggjunnar vöktu. Varðhundur valdsins bitu þar óspart frá sér en fara nú með veggjum – en óhætt er að fullyrða að betri skilningur ráðamanna og almennra borgara á helstu verðmætum og lágmarksþekking á sögulegum staðreyndum hefði getað komið í veg fyrir hrúnið.“ (19)

Þetta eru stór orð. Ásdís og Björn virðast gera ráð fyrir, að fólk geri sér almennt far um að

(17)Páll Skúlason. Lífsgildi..., bls. 50. – (18)Jóhann Hauksson. Þræðir valdsins, bls. 179. – (19)Ásdís R. Magnúsdóttir og Björn Þorsteinsson. Eftir hrúnið, bls. 4.

breyta vitund sinni til og bæta skynsemi. En það er fátt, sem bendir til, að það sé almenningsiðja, samanber það, sem að ofan er ritað um hópeðli, múgsefjun og þjóðarsál. Það hefur lengi verið mönnum hin versta raun, að rýna út yfir eigin nafla. En vissulega er það verðugt verkefni.

Vilhjálmur Árnason, heimspekingur, dregur ekki fjöður yfir ábyrgð almennings. Hann segir fullum fetum m.a.:

Góðærið reyndist vera rangnefni, ekki bara vegna þess að það byggði að verulegu leyti á fúnum innviðum, heldur líka vegna sjálfs inntaksins í hugmyndinni sem lá því til grundvallar. Hagsæld er lögð að jöfnu við farsæld, viðskiptafrelsi við félagslegar umbætur. Og margir hylltu útrásardrengina eða fylgdust með þeim í forundran, ...“ (20)

Og vissulega má um það deila, hvort magn efnalegra gæða sé gild mælistika á lífsgæði. En góðæri hafði raunar ríkt býsna lengi, þegar hrunið brast á. Færð hafa verið rök fyrir því, að íslenskt neylusamfélag hafi orðið til, eftir seinna heimsstríð, á tímum nýsköpunarstjórnarinnar. Hið eiginlega efnahagsundur, sem helstu kenningapáfar einkavæðingar og útrásar kenndu að hefði hafist með góðærinu 1995, hófst sem ávöxtur hagvaxtar byggðum á stríðsgróða annars vegar og því frelsi í viðskiptum, sem svonefnd Viðreisnarstjórn beitti sér fyrir. Stefán Ólafsson, félagsfræðingur, virðist þeirrar skoðunar: „Niðurstöður sýna að bæði þjóðarframleiðsla og kaupmáttur almennings jukust langmest á tímabilinu frá 1960 til um 1980. Hið eiginlega íslenska efnahagsundur átti sér stað á þessum tíma, en ekki eftir árið 1995.“ (21)

Um gamalt vín á nýjum flöskum og þrástef í hinum skemmri aðdragandi hrunsins

Nýtt árþúsund hafði gengið í garð. Hafði orðið bylting á Íslandi? Ásgeir Jónsson lýsir ástandinu sem nokkurs konar heljarstökki:

By the end of the twentieth century, the Icelandic population, so long resistant to change, had jumped to the forefront of European innovation and success and were enjoying the fruits of prosperity. The economy had overcome a long recession and stagnation with tax cuts, free market liberalization, and an international focus. The nation was young and hardworking, particularly in the corporate sector, the government was small and soon to be debt free; a private, fully funded pension system brought security; abundant natural resources fostered income potential and self-reliance. Iceland's creditworthiness had primed it for the rapid construction of its newest, most audacious export: its international finance sector. (22)

Útrás became a cultural phenomenon, and every second business, it seemed, was trying to leap outside the country. The business schools theorized about what made Icelandic entrepreneurship „special“; considering the profile of champions like Jón Ásgeir Jóhannesson, perhaps it is unsurprising that the special ingredients were identified as fast decision-making, informal workplaces, tireless work ethic, and can-do spirit.“ (23)

(20)Vilhjálmur Árnason. Árvekni eða auðsveipni, bls. 21. – (21)Stefán Ólafsson. Íslenska efnahagsundrið, bls.233. – (22)Ásgeir Jónsson. Why Iceland, bls. 18. – (23)Sama rit, bls. 108.

Orð Ásgeirs hljóma að sönnu eins og fagnaðarerindi. Þrátt fyrir afrek íslenskrar þjóðar í upphafi þriðja árþúsunds, eftir fæðingu Frelsarans, sjá Ásdís og Björn ástæðu til að senda þjóð sinni ákúru fyrir slælegan söguskilning og meðvitundarleysi. Þau segja hafa ríkt samstöðu um „at vende det blinde øje og det døde øre til“ eins og grannar okkar segja. Þjóðin fylgdi þeim foringjum, sem lofuðu gulli og grænum skógum, holdgervingum þeirra Íslendinga, sem goðsögnin geymdi. Sitjandi forseti hafði í þessu efni sérstöðu, upphaflega kosinn af miklum meirihluta þjóðarinnar og hafði í náð hennar setið í embætti lengur en nokkur annar forseti lýðveldisins og sinnti embætti sínu með allt öðrum hætti en tíðkast hafði hjá forverunum. Áhrif eða táknað forseta var gríðarlegt. Hann reið sem ákafast á útrásarbylgjunni. Hugakið útrásarvikingur var honum tamt.

Kristín Loftsdóttir segir um þetta:

„Forseti Íslands hefur gjarnan vísað til fornra tíma, til dæmis með orðunum „landnámsöldin [er] á vissan hátt upphafið að þessu öllu saman.“ Hann sagði jafnframt í fyrirlestri hjá Sagnfræðingafélagi Íslands árið 2006 að „fólkið sem hingað kom var hluti af menningarheild sem sótti nýjan efnivið á framandi lendur, hélt í langferðir í leit að betri tækifærum, bar í brjósti svipaðan útrásaranda og mótað hefur árangur okkar að undanfögnu.“

Ræða forsetans hjá Sagnfræðingafélaginu ber með sér mörg þau þrástef sem ítrekað mátti heyra í samhengi við íslensku útrásina, svo sem vinnusemi, þor og sköpunarkraft, en slíkir eiginleikar eru oft taldir eiga sér rætur í sérstöku þjóðareðli Íslendinga sem mótaðist á landnámsöld. Einstaklingar sem unnið hafa að íslensku útrásinni eru samkvæmt Ólafi oft talir vera „arftakar hefðar sem á sér rætur í upphafi Íslandsbyggðar.“ Þeir bera þannig áfram kyndil Íslands, gjöf þeirra til siðmenningarinnar heimsins. (24)127-128

Þetta kallar Kristín þrástefið um yfirburði Íslendinga, en það hafði gjallað um aldir. Íslenskir listamenn bergmáluðu orð forseta lýðveldisins:

Útrásin var ekki eingöngu bundin við viðskiptalífið heldur einnig við þátttöku íslenska listafólksins í listalífi erlendis, svo sem bókmenntum, myndlist og tónlist. Þar mátti heyra sömu orðræðu og í viðskiptalífinu eins og eftirfarandi orð tónlistarkonunnar Bjarkar í tímaritinu i-D árið 1994 endurspeglar: „Fólkið sem fór til Íslands voru víkingarnir. Og þeir fóru vegna þess að þeir gátu ekki sætt sig við yfirvöld í Noregi. Því flúðu þeir út á þetta brjálaða haf í trébát sem er mjög mikil hugdirfska, Norður-Atlantshafið árið 800. Og fundu þessa eyju fulla af snjó.“ (25)

Sagnfræðingurinn, Guðni Th. Jóhannesson skýrir frá vangaveltum athafnaskáldsins, Kára Stefánssonar, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, um „anarkisma“ í sál Íslendinga í bók sinni um hrúnið:

Eftir hrún velti Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, því fyrir sér að kannski hefðum „við ... enn einu sinni lent í vanda vegna þess að við sem þjóð eigum erfitt með að fara að reglum sem aðrir setja okkur og það sama eigi við um okkur sem einstaklinga. Því hefur gjarnan verið haldið fram að þessi anarkismi í sálinni á

forfeðrum okkar hafi verið ástæða þess að þeir tóku sig upp og fluttust yfir á eyjuna fögru við ballarhaf. (26)

Frelsishugsun og víkingalíkingar eru fleirum töm. Í bók Jóns F. Thoroddsens um hrunið frá 2011 er til að mynda tilvonandi lesenda boðið upp á nútíma víkingasögu um spillingu og þjóðarhrun. (27) Eiríkur Bergmann staðhæfir, að íslenska goðsögnin sé grundvöllur lýðveldisins og leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þjóðarímyndarinnar (national identity) í splunkunýrri bók sinni um hrunið.(28)

Niðurlag:

Færð hafa verið rök fyrir því, að hin kunna goðsögn um íslensku afreksþjóðina búi djúpt í fylgsnum sálar hennar, þar sem aflvakar hugsunar og hátternis búa um sig. Hún á sér rætur allt aftur til örófs alda. Goðsögnin lifði góðu lífi með þjóðinni bæði í hinum lengri og skemmri aðdraganda hrunsins. Það leikur varla vafi á því, að sá sjálfskilningur, sem í goðsögninni felst, hafi skipt sköpum í hrunadansinum. Í eðli hennar felst, að hún er almenn, allra eign eða því sem næst. Hún gæti útskýrt skefjalausa græðgi, dramb og andvaraleysi, sem hrjáði bæði útrásarvíkinga, starfsmenn lykilstofnana og stjórnámálamenn. Það er í sjálfu sér grátbroslegt, að goðsögnin hafi snúist upp í andhverfu sína; óvída eða jafnvel hvergi á byggðu bóli sýndi þjóð meiri heimsku, meiri skort á gagnrýnni hugsun og meira dugleysi.

(26)Guðni Thorlacius Jóhannesson. Hrunið, bls. 365. – (27)Jón F. Thoroddsen. On Thin Ice. (28) Eiríkur Bergmann. Iceland and the International Financial Crisis, bls. 188.

Heimildir

Arnlfjótur Ólafsson. „Um skóla á Möðruvöllum.“ *Þættir úr íslenskri skólasögu*. Ritstjóri Bragi Jósefsson. (Rvk.: KHÍ 1986 – (1875)), bls. 57-76.

Ágúst Bjarnason. *Síðfræði II*. (Rvk. 1926.)

Ásdís R. Magnúsdóttir og Björn Þorsteinsson. „Eftir hrunið.“ *Ritið*, 9. árgangur, tbl. 2-3., Rkv. (2009), bls. 3-6.

Ásgeir Jónsson. *Why Iceland?* (McGraw Hill, N.Y. 2009.)

Eiríkur Bergmann. *Iceland and the International Financial Crisis: Boom, Bust and Recovery*. (Palgrave Macmillan, London 2014.)

Gísli Jónsson, *Kappar og kvenskörungur. Æviþættir íslenskra fornanna*. (Akureyri: Bókaútgáfan Hólar 1998).

Guðmundur Finnbogason. „Eðlisfar Íslendinga.“ *Skírnir*, XCIX árg. Rkv., (1925), bls. 150-160.

Guðni Thorlacius Jóhannesson. *Hrunið. Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*. (JPV útgáfa, Rvk. 2009.)

Jóhann Hauksson. *Þræðir valdsins. Kunningjavelði, aðstöðubrask og hrun Íslands*. (Veröld, Rvk. 2011.)

Jón F. Thoroddsen. *On Thin Ice: A Modern Viking Saga about Corruption and the Collapse of a Nation*. (Brúðuleikur, Rvk. 2011.)

Kristín Loftsdóttir. „Kjarnmesta fólkið í heiminum: Þrástef íslenskrar þjóðernishyggju í gegnum lýðveldisbaráttu, útrás og kreppu.“ *Ritið*, 9. árg., tbl. 2-3, Rvk., (2009), bls. 113-140.

Mill, John Stuart. *Frelsið*. (Rvk., Hib 1970).

Páll Skúlason. „Lífsgildi þjóðar.“ *Skírnir*, 183. árg., vor, Rvk., (2009), bls. 39-53.

Unnur B. Karlsdóttir. *Mannkynbætur. Hugmyndir um bættu kynstofna hérlendis og erlendis á 19. og 20. öld*. (Háskólaútgáfan, Rvk. 1998.)

Stefán Ólafsson. „Íslenska efnahagsundrið. Frá hagsæld til frjálshyggju- og fjármálahruns.“ *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 4. árg. (2008), Rvk., bls. 231-255.

Sumarliði Ísleifsson. *Ísland: framandi land*. (M&M, Rvk. 1996.)

Vilhjálmur Árnason. „Árvekni eða auðsveipni: Hlutverk hugvísindamanna í samfélagsumræðu.“ *Ritið*, 9. árg., tbl. 2-3, (2009), bls. 21-34.

Wright, Georg Henrik von. *Framfaragoðsögnin*. (Hib, Rvk. 2003.) (Þýðandi: Þorleifur Hauksson.)

